Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskriftir úr virðingabókum brunabóta 1880-1899

Aðfnr. 1497, örk 9


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Virðingar til brunabóta
1887

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

129
5
645 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

## úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. —

Ár 1887 hinn 12 dag maimán. var samkvæmt beiðni söðlasmiðs Ólafs Eiríkssonar tekin fyrir virðing á húseign hans nr. 88 á Selslandi. —

Unnu að þeirri virðingu hinir reglulegu virðingamenn Magnús trésmiður Árnason og Björn múrari Guðmundsson. —

<u>Selsland No 88.</u> — Ólafur Eiríksson sem nú er orðinn eigandi að húseigninni No 88 í Selslandi, hefur endurbætt húsið, sem er á lengd 12 ál., breidd 9 3/4 al., hæð 4 ál., ~~fjórir~~ stokkverk úr plönkum, klætt á 3 vegu, með járnþaki á suð. —

Niðri í húsi þessu eru 3 herbergi, 2 þiljuð með borðum, ~~og~~ máluð, og 1 með veggjapappír, og öll með einföldum loftum. —
Niðri í húsinu eru 2 ofnar, og eldavél í eldhúsinu. Auk þess er geymsluherbergi niðri. —

Uppi á loftinu eru 2 herbergi, annað þiljað með borðum og málað, og hitt með veggjapappír. — Á miðloftinu er 1 lítil eldavél. —

Hver hlaupandi alin var virt á 140 kr. kr. 1680

1 Magazinofn 45 kr. 1 ofn 20/- 1 eldavél 40/- 1 lít. eldavél 18 kr. 123. kr. 1803. —

O. Finsen. Björn Guðmundsson. M. Árnason. —

Rétt útskrift staðfestir —

O Finsen

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar

Ár 1887 þann 8. október var samkvæmt beiðni

nefndgreindra tekna fyrir eptirfylgjandi virðingar. Unnu að þeim

hinir nýkosnu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson

og Magnús snikkari Árnason, og höfðu þeir þegar áður

undirskrifað þann lögboðna eiðsformúla.

1.

__Austurvöllur.__ Good-Templars stúkurnar „Einingin" № 14 og „Verðandi" № 9, hafa nú að mestu fullgjört hús það sem þær eru að láta byggja. Húsið er nú allt þiljað innan með borðum og einfalt lopt í því öllu. Megnið af þessu húsi er stór salur, og er í austurenda hans pallur. Í vestur enda hússins eru 2 lítil herbergi niðri máluð, og uppi yfir þeim önnur 2 herbergi og eru þau ómáluð. Milliþilja er pappi. Hús þetta, sem eins og áður er getið er 28 ál. á lengd var virt á kr. 175. hverja hlaupandi alin __kr. 4900.__

O. Finsen. M. Árnason. B. Guðmundsson.

---

2.

__Vallarstræti.__ Rafn skósmiður Sigurðsson hefur nú fullgjört hús sitt að öllu leyti. Niðri í húsinu

__№ 105.__

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eru 8 herbergi auk 2 eldhúsa öll með tvöföldum loptum, 7 af þeim eru með veggjapappír og 1 með bórðaþiljum, öll máluð. Eldhúsin eru einnig þiljuð og máluð. Í þessum herbergjum eru 4 Magazinofnar, og í eldhúsunum 2 eldavjelar.

Uppi á loptinu eru einnig 8 herbergi, auk 2 eldahúsa, sem eru þiljuð; af herbergjunum eru 7 með veggjapappír en 1 þiljað, öll með tvöföldum loptum og máluð. Í þessum herbergjum eru 4 Magazinofnar, og 2 eldavjelar í eldhúsunum.

Uppi á efsta lopti eru 6 herbergi albúin, sumstaðar með veggja-þiljum og veggjatjöldum, og máluð. Þar er einn stór vindofn gamall og 1 lítill Magazinofn.

Kjallarinn er skipt í sundur í 6 rúm. Hús þetta er að utan í sama ástandi og því var lýst í virðingu af 23. ágúst þ. á.

Hver klinpanti alin (25 álnir) var virt á 530 kr. kr. 13250.

9 Magazinofnar 70 kr. 50 kr. 55 kr. 40 kr. 35 kr. 1 Windofn 29 kr. 454.

4 Eldavjelar 40 kr. 53. 55 kr. 203

Samtals Kr. 13,907

Ottesen M. Arnason Björn Guðmundsson

Rjett útskrifað staðfestir.

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanrituð viðingargjörð samþykkist
Bæjarstjórn Reykjavíkur 13. október 1887

Halldór Daníelsson Steingr. Thorsteinsson Páll Þorkelsson

Jón Ólafsson Eiríkur Briem. H. Kr. Friðriksson. Kr. Ó. Þorgrímsson

E. Th. Jónassen Björn Jónsson G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

af

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar

---

Ár 1887 hinn 13. ágústmánaðar var samkvæmt beiðni bókbindara Halldórs Þórðarsonar tekin fyrir virðing á húseign hans No 9 á Vegamótabrú. – Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason. –

Vegamótabrú No 9. Halldór bókbindari Þórðarson hefur nú fullgjört hús sitt. Niðri í húsinu eru 4 herbergi, auk eldhúss, öll máluð, með tvöföldum loptum; tvö af þeim skilin með veggjapappír, en tvö með borðaskiljum, og er þar 3 magazinofnar og 1 eldavjel. Uppi á fyrsta lopti eru einnig 4 herbergi, auk eldhúss, öll með veggjapappír og tvöföldum loptum og máluð; þar eru 3 Magazinofnar og 1 eldavjel. Uppi á efsta lopti eru 3 herbergi, skilin með borðum, öll máluð og eru þar 2 ofnar. .

Hver hlaupandi alin var virt á (14½ al.) á 750 kr. Kr. 10.875.
6 magazinofnar á 60 kr. 4 á 40 kr. 2 ofnar á 35 kr. 2 eldavjelar 60 – 40: 450
Kr. 11.325,00

O. Finsen. Björn Guðmundsson M. Árnason.

Rjett eptirrit staðfestir [illegible]

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréf No 14/87

# Útskrift úr virðingabók Reykjavíkur kaupst.

Ár 1887 hinn 18. janúar var samkvæmt beiðni nokkurra manna teknar fyrir eptirfylgjandi virðingar.

Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason.

1. Þingholtsslóð. Guðrún Jónsdóttir hefur byggt bæ með steinveggjum og járnþaki á langböndum, lengd 11 ál., breidd 8 al., hæð uppí mæni 5 3/4 al. Í honum er 1 herbergi, auk eldhúss, að nokkru leyti þiljað, og nokkuð sljettað með kalki. Í honum eru 2 litlar eldavjelar. —

Hver hlaupandi alin var virt á 85 krónur . . kr 935.

2 eldavjelar 18/50 . . . . . . " 37 kr 972

2. Vegamótabrú No 214. Edílon Grímsson hefur lengt hús sitt nr. 214 á Vegamótabrú, um 5 1/4 al. með sömu breidd og hæð, svo nú er það alls 13 1/4 al., úr bindingi ómúruðum, og hólfað sundur í tvennt niðri, og er annar helmingurinn þiljaður; í húsi þessu eru 2 herbergi sljettuð með kalki og máluð, með einföldu lopti og 1 ofni. —

Í eldhúsinu er 1 eldavjel. —

Uppá loptinu er þiljað herbergi. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af húsi þessu eru 8 álnir innrjettaðar, og er hver
hlaupandi alin af þeim virt á 170 kr. — kr. 1360
1 ofn 34 kr. 1 eldavjel 30 kr. . . . " 64
Hver hlaupandi alin af því óinnrjettaða í hús-
inu, sem er 5¼ al. var virt á 70 — . . . " 367 kr 1791

3. Hlíðarhúsastíg. Verzlunarmaður Ólafur Þórðarson á
nr. 222 Hlíðarhúsastíg, hefur byggt við húseign sína
nr. 222, geymsluhús úr bindingi, með járnþaki
á langböndum, lengd 12¼ al. breidd 6¼ al. hæð 3½ al.
hólfað sundur í tvent, klætt utan með borðum —
Hver hlaupandi alin var virt á 45 krónur . kr. 552

O. Finsen. M. Tómasson. Björn Guðmundsson

Rjett útvirt staðfestir —
O. Finsen

Til
Bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjst. No 158/87

# Útskrift úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar

Ár 1887, 14. febrúar var samkvæmt beiðni Jóns Guðmundssonar í Bakkabæ tekin fyrir virðing á húsi því er hann hefur byggt á lóð sinni. —

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús smiður Árnason. —

<u>Hlíðarhúsaland</u>. Jón Guðmundsson hefur byggt hús úr bindingi klætt með borðum og járnþaki á súð. Það er á lengd 9 1/4 al. breidd 8 1/4 al. hæð 4 1/2 al. ómúrað en ~~sléttað~~ stoppað með mosa. —

Í húsi þessu eru 4 herbergi þiljuð og ómáluð, og í einu þeirra lítil eldavjel. Undir öllu húsinu er kjallari. —

| | |
|---|---|
| Hver hlaupandi alin var virt á 170 kr. . . | kr. 1572.00 |
| Eldavjelin . . . | " 21.00 |
| | Kr. 1593.00 |

O. Finsen. M. Árnason. Björn Guðmundsson

Rjett eptirrit staðfestir.

O. Finsen

Til Bæjarstjórnarinnar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift úr virðingabók Reykjavíkurkaupstaðar

Ár 1887 hinn 1. dag aprílmánaðar var samkvæmt beiðni Sigurðar Hanssonar tekin fyrir virðing á húsi hans á Þingholtsloð nr. 246.

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason. –

Þingholtsloð nr. 246. Sigurður Hansson hefur látið endurbæta og fullgjöra hús sitt, hús þetta sem er 10 ál. á lengd og 6¼ ál. á breidd og 5 ál. á hæð, er nú að öllu innrjettað. Niðri í húsinu eru 2 herbergi, og eru þau bæði, að nokkru leyti, sljettuð með kalki að innan; í öðru þeirra er tvöfalt ~~lopt~~ borðalopt, en gipslopti í hinu. Bæði herbergin eru ómáluð. Í öðru herberginu er ljelegur ofn og í eldhúsinu er lítil eldavjel. – Uppi á loptinu er 1 herbergi þiljað með borðum ómálað, og með 1 ofni. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hús þetta, sem að mestu leyti er múrað með múrsteini og hraungrýti og með járnþaki á súð, og klætt að utan með borðum, var virt á 110 kr. hver ferhyrnings alin Kr. 1100,00

1 ofn 2 kr. og eldavjel 10 kr. (niðri) . . . „ 12,00

1 ofn uppi á loptinu . . . „ 16,00

Kr. 1128,00

O. Finsen · M. Árnason · Björn Guðmundsson.

Rjett eptirrit staðfestir.

O. Finsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift af virðingabók Reykjavíkur Kaupstaðar

Ár 1887 hinn 8. júnímánaðar var samkvæmt beiðni verzlunarmanns Konráðs O. Maurer tekin fyrir virðing á húseigninni Nr 288 á Hlíðarhúsastíg er hann nú er orðinn eigandi að.

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason. –

Hlíðarhúsastígur. Húseign Konráðs O. Maurer. –

Nr 288. Hús þetta er 12 ál. á lengd, 12 ál. á breidd og 5½ al. á hæð, úr bindingi múruðum með múrsteini og járnþaki á súð, og er undir því öllu kjallari. Í kjallaranum eru 3 herbergi þiljuð ~~með~~ í sundur, en öll ó smíðuð og eldhús með litilli eldavjel; í öllum kjallaranum er gólf.

Uppi í húsinu eru 3 herbergi fullgjör, 2 af þeim þiljuð með borðum, og 1 með veggjatjöldum á blindlistum; öll eru herbergin með tvöföldum loptum og máluð; í 2 af herbergjunum eru nýlegir Magazinofnar. – Í eldhúsahúsinu, sem einnig er þiljað og málað, er eldavjel. –

Uppi á loptinu eru 4 herbergi þiljuð, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og 1 þeirra málað, og í 3 af þeim eru litlir ofnar.

Hver hlaupandi alin í húsi þessu
var virt á 340 kr. kr. 4080,00

2 Magazinofnar 55 kr 1 eldavjel 55 kr . 165,00

3 litlir ofnar og 1 lítil eldavjel á 18 kr. 72,00

Kr. 4.317,00

O. Finsen. M. Arnason. Björn Guðmundsson

Rjett eptirrit staðfestir.

O. Finsen

Framanritaða virðingargjörð samþykkir

Halldór Daníelsson — Jón Ólafsson

Björn Jónsson — Eiríkur Briem.

Matth. Friðriksson.

[illegible]

Páll Þorkelsson

Th. Jónassen

Guðmundur Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar

Ár 1887 hinn 4. júlímánaðar var eptir beiðni Kr. Ó. Þorgrímssonar bóksala tekin fyrir virðing á geymsluhúsi því er brann hjá ~~[illegible]~~ honum við húseignina №165 á Kirkjubrú.

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason.

Kirkjubrú №165. Bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson hefur nú endurbætt hús þetta þannig, að úr því hafa verið tekin hinir brenndu viðir og nýir látnir í staðinn, og ofan á húsið hefur verið byggð ný Etage. –

Hús þetta er nú á lengd 12¼ al., breidd 8 al. og hæð 7¾ al. úr bindingi, þaraf er liðugur þriðji partur múraður með múrsteini; með járnþaki á súð. Niðri er húsi þessu skipt í tvennt, og er í því gólf og þiljur. Efri byggingin er óinnréttuð. –

Hver hlaupandi alin var virt á 100 kr. . . . Kr. 1225.–

O. Finsen. Björn Guðmundsson. M. Árnason.

Rjett eptirrit staðfestir.

O. Finsen

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar

---

Ár 1887 þann 7. júlí var eptir beiðni Rafns skóara Sigurðssonar tekin fyrir virðing á húsi því er hann er að láta byggja í stað íbúðarhússins á við húseignina № 105 í Vallarstræti er hann hefur látið rífa niður. –

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason.

Vallarstræti № 105. Íbúðarhús á lengd 25¼ al. breidd 12 ál. hæð 8¾ al., tvílopstað úr bindingi ómúruðum, með tvöfaldri klæðningu og pappa, með járnþaki á súð. Hús þetta er að mestu óinnrjettað, nema að búið er að hólfa í sundur 7 herbergi, sem öll eru í smíðum, en lopt og gólf að mestu leyti komið.

Í húsi þessu er nokkuð af efninu úr gömlum við.

Hver [illegible] alin var virt á 250 k. . . . K. 6624,50

O. Finsen. Björn Guðmundsson. M. Árnason.

Þess eptirrit staðfestir.

O. Finsen

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar

---

Ár 1887 hinn 27. júlí var samkvæmt beiðni cand. jur. Guðl. Guðmundssonar, fyrir hönd Good-Templars stúkunnar "Einingin" Nr 14 í Reykjavík, tekin fyrir virðing á húsi því er hún hefur látið byggja. –

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason.

Austurvöllur. Good-Templars stúkan "Einingin" Nr 14 hefur látið byggja hús úr bindingi ómúruðum allt klætt utan með borðum og járnþak á því, á lengd 28 ál., breidd 12 ál., hæð 7½ al. Hús þetta er ómnnsjettað, nema í því er gólf og í litlum parti þess loft.

Hver ferhyrnings alin var virt á 100 kr. . . . . . kr 2800

Finsen. M. Árnason. Björn Guðmundsson

Rjett eptirrit staðfestir

[illegible]

Til Bæjarstjórnarinnar [illegible] Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. –

---

Ár 1887 hinn 18. júlímán. var samkvæmt beiðni kaupmanns J. P. T. Brydes verzlunar tekin fyrir virðing á geymsluhúsi, við húseignina № 120 í Hafnarstræti er hann hefur látið byggja. –

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason. –

Hafnarstræti № 120. Kaupmaður J. P. T. Bryde hefur látið byggja nýtt geymsluhús við húseign sína № 120, úr bindingi ómúruðum, tvíloptað, klætt að utan með borðum og með járnþaki á súð; lengd 30 al., breidd 16 ál., veggjahæð 8¾ al. —

Niðri í húsinu er helmingur þess hólfað sundur í þrent, með þiljuðum veggjum og tvöföldum borðaskilrúmum, en hinn helmingurinn er óþiljaður og gólflaus. –

Kjallari er undir öllu húsinu.

Húsið er tvíloptað.

Á neðra loptinu eru 3 kornkassar úr borðum, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

liðugur helmingur þess þiljaður innan á binding.
Á efsta loptinu er ekkert þiljað. —
Hver hlaupandi alin var virt á 2,75 kr. . . . kr. 8,250.

O. Finsen. Björn Guðmundsson. M. Arnason

\# \# \#

Rjett eptirrit staðfestir: —

O. Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar.

---

Ár 1887 hinn 5. september var ~~samkvæmt~~ samkvæmt beiðni dómkirkjuprests Hallgríms Sveinssonar tekin fyrir virðing á húsi hans. –

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason. –

Hlíðarhúsastígur. Nr. 79. Hallgrímur Sveinsson hefur látið endurbæta og breyta vesturenda íbúðarhússins þannig, að í það er komið loft og gólf og þiljað í sundur í 3 herbergi. Hús þetta sem er byggt úr bindingi múruðum með kalki og hraunsteini er á lengd 29¼ al., á breidd 13½ al., á hæð 5 al. með kvisti beggja ~~báðu~~megin og helluþaki á plægðum borðum.

Niðri í húsinu eru 7 herbergi auk eldhúss og búrs; 3 með einföldum loftum, 3 með múrloftum og 1 með spjaldalofti. 4 herbergin eru öll sljettuð með kalki og líndúk á veggjaspýtur, en 3 eru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sumpart þiljuð, og sljettuð með kalki. Niðri í húsinu eru 4 Magazinofnar, 1 eldavjel og 4 innmúraðir pottar til niðursuðu.

Uppi á loptinu eru 7 herbergi öll með einföldum loptum, sum af þeim þiljuð á múr, og sum sljettuð með kalki, en límdur veggjapappír á öll. Uppi eru 2 Magazinofnar, 1 lítill ofn og 1 stráofn.

| | | |
|---|---|---|
| Hver ferhyrnd alin var virt á 500 k. | k. 14,625. | |
| 6 Magazinofnar 65 k. 4/5 5 k. 2/5 1 eldavjel 60 k. | 430. | |
| 4 innmúraðir pottar 65 k. 1 stráofn 15 k. – lítill ofn 30 k. | 110. | k. 15,165. |

c. Geymsluhús byggt úr bindingi ómúruðum, allt klætt með borðum og járnþak á langböndum, lengd 15½ al., breidd 8 al., hæð 5 al. Niðri er húsi þessu skipt í 4 rúm, og 1 af því hesthús og fjós. Lopt er í því öllu, og gólf að nokkru leyti. Hálft húsið er þiljað innan með borðum. Loptið er óinnrjettað. –

Hver ferhyrnd alin var virt á 75 k. . . k. 1161

O. Finsen. B. Guðmundsson. M. Árnason

Rjett eptirrit staðfestir

O Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar.

Ár 1887 hinn 14. nóvembermán. var samkvæmt beiðni Gísla Bjarnarsonar tekin fyrir virðing á húseign hans № 196 á Arnarholtslóð.

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason.

<u>Arnarholtslóð</u> Gísli Bjarnarson hefur nú endurbætt hús
<u>№ 196.</u> sitt, sem er að lengd 10 ál., breidd 9 ál. og hæð undir þakbrún 4 álnir, með járnþaki á súð, allt klætt að utan með borðum. Niðri eru 3 herbergi, auk eldahúss, 2 af þeim með veggjafóðri og tvöföldum loptum og máluð; og 1 herbergi þiljað, málað og með einföldu lopti. Í þessum herbergjum er 1 Magazinofn og 1 lítill vindofn, og í eldhúsinu eldavjel. — Uppi á loptinu eru 2 herbergi þiljuð með borðum, máluð, og í öðru þeirra er lítil eldavjel.

Hver ferhyrnings alin var virt á 200 kr. kr. 2000.

1 Magazinofn 55 kr. 1 lítill vindofn 25 kr. 2 eldavélar 56 kr. 19 kr. 155 kr. 2155.

Flyt kr. 2155

Við norðurgafl húss þessa er byggður skúr, sem er á

Flutt kr 2155.

lengd 4 ál; breidd 3 ál. og hæð 4 ál., úr bindingi
klæddum með borðum, og járnþak á gamalli súð.
Hver ferhyrnings alin var virt á 50 kr . . . 200.

Kr. 2355.

O. Finsen. M. Arnason. B. Guðmundsson.

Rjett eptirrit staðfestir
O. Finsen

Til
Bæjarfógetans
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift úr virðingabók Reykjavíkurkaupstaðar

Ár 1887 hinn 25 Aprilmánaðar var samkvæmt beiðni Steindórs Jónssonar tekin fyrir virðing á húseign hans N^r 289 á Arnarholtsholti. –

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason.

Arnarholtsholt N^r 289. Steindór Jónsson hefur fullgjört hús sitt, þannig að nú er múrað uppí allann binding með smursteini ✝ Niðri í húsinu eru 3 herbergi, auk eldhúss; öll þiljuð með borðum, 2 af þeim með tvöföldum loptum, og er í 1 herberginu ofn og í eldhúsinu eldavjel.

Uppi á loptinu eru 2 herbergi þiljuð með borðum, og er í öðru þeirra lítill ofn, en í hinu lítil eldavjel. –

Allt húsið er að innan ómálað. –

Í húsi þessu, sem er 9 ál. á lengd, 8½ ál. á breidd og 5 ál. á hæð, var hver standandi alin virt á 225 k. . . k. 2025,

1 Magasínofn 50 k. 1 eldavjel 50 k. . . . „ 100.

1 lítill ofn 14 – 1 lítil eldavjel 21 k. . . „ 35.

Samtals Kr. 2160,00

Sama ár og dag var tekin fyrir virðing á húseign snikkara Þorkels Gíslasonar N^r 47 í Tjarnargötu. –

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason. –

Tjarnargata N^r 47. Þorkell snikkari Gíslason hefur byggt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hús er bindingi ómúruðum en með tvöfaldri borða-
klæðningu með pappa á milli; með járnþaki á súð.
lengd 12 ál. breidd 11 ál. hæð 4½ al. Niðri í húsinu eru 3.
herbergi; 2 af þeim þiljuð með borðum og 1 með veggjapappír
öll með einföldum loptum og máluð, og sömuleiðis
eldhús þiljað með borðum og málað, í eldhúsinu er
eldavjel. –

Uppi á loptinu eru 3 herbergi öll þiljuð með borðum,
en að eins 1 þeirra málað. –

Kjallari er undir öllu húsinu, og er hann hólfaður
sundur í tvennt með borðaskilrúmi. –

| | | |
|---|---|---|
| Hver hlaupandi alin er virt á 300 kr. | . . | kr. 3600.00 |
| 1 eldavjel 72 kr. | . . . . | " 72. |
| | Samtals | kr. 3672.00 |

O. Finsen. M. Árnason Björn Guðmundsson

Réttan útdrátt vottar

O. Finsen

Til

Bæjarstjórnarinnar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar

---

Ár 1887 hinn 23. júlímánaðar var samkvæmt beiðni bókbindara Runólfs Runólfssonar tekin fyrir virðing á húsi því er hann hefur látið byggja í Þingholtsstræti. –

Unnu að þessari virðingu hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús snikkari Árnason. –

Þingholtsstræti. Runólfur bókbindari Runólfsson hefur byggt hús með steinveggjum lögðum í kalk, með járnþaki á gömlum borðum; lengd 10 al., breidd 9 al. hæð undir þak 5½ al. Niðri í húsinu eru 2 herbergi, þiljuð með þunnum borðum og einföldum lystum og ómáluð; að öðru leyti er húsið óinnrjettað. –

Í húsinu er lítil eldavjel. –

Hver hlaupandi alin var virt á 100 kr. . . . . kr. 1000,00
Amskina . . . . . „ 17,00
Kr. 1017,00.

O. Finsen. M. Arnason. Björn Guðmundsson

Rétt eptirrit staðfestir.
O. Finsen

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

## úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar.

Ár 1887 hinn 15. desembermán. var samkvæmt beiðni niðangreindra manna tekin fyrir eptirfylgjandi virðingar. Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason.

I. Grímsstaðir. Jón Thorsteinsson hefur byggt hús úr bindingi, klætt að utan með borðum og járnþaki á súð, á lengd 10 ál. breidd 9 ál. og hæð 5 ál. – Niðri í húsinu er 2 herbergi, þiljuð með borðum og einföldum loptum, en ómáluð, og 1 herbergi er í smíðum; niðri er eldahús, sem einnig er þiljað. Í herbergjunum er 1 ofn og í eldhúsinu eldavjel. Uppi á loptinu er 1 herbergi þiljað, en ómálað; að öðru leyti er uppi á loptinu óinnréttað. –

Hver klampandi alin var virt á 140 kr. . . k. 1400.
1 ofn 30 kr. og 1 eldavjel 34 kr. . . . . 64
K 1464.

II. Ananaustalóð. Áður eign Jóns Þórðarsonar, nú eign
Nr 150. Jóns Eyjólfssonar. Hús þetta sem er á lengd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11 al. breidd 9 al. hæð 3 3/4 al., úr bindingi, múruðum með
holtagrjóti, er klætt að utan (á alla vegu) með borðum, og hellu þak
á plægðri súð. Niðri í húsinu eru 3 herbergi, auk eldhús,
öll þiljuð með borðum (eitt af þeim með veggjatjöldum) með
einföldum loptum og máluð; eldahúsið er sömuleiðis
þiljað; í þessum herbergjum eru 2 ofnar, og í eldhúsinu
eldavjel. Uppi á loptinu er 1 herbergi þiljað, en ómálað,
og í því 1 lítil eldavjel; að öðru leyti er það óinnrjettað.
Hver ferhyrnd alin var virt á 170 a. . k. 1870.
2 ofnar 1/50 k 1/25 k - 2 eldavjelar 16 k 40 k . . . 131 k. 2001.

Við vesturgafl hússins er byggður skúr, 4 1/2 al. á lengd,
með sömu breidd og veggjahæð og húsið; klæddur með
borðum og járnþak á langböndum, að öllu leyti
óinnrjettaður.
Hver ferhyrnd alin var virt á 35 a . . k. 156
Kr. 2,157. –

O. Finsen. M. Arnason. B. Guðmundsson

Rjett eptirrit staðfestir. –

O Finsen

Til
Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanritaðar virðingargjörðir samþykkjast.
Í bæjarstjórn Reykjavíkur 16. desember 1887.

Halldór Daníelsson. E. Th. Jónassen. M. Kr. Friðriksson.
H. Sveinbjörnsson. Eiríkur Briem. Jón Ólafsson
Björn Jónsson. Páll Þorkelsson. G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar.

Ár 1887 hinn 16. september var samkvæmt beiðni neðangreindra manna, teknar fyrir eptirfylgjandi virðingar. Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason.

**I.** Kirkjugarðsstígur. Jóhannes snikkari Jónsson hefur
Nr. 57. við húseign sína Nr. 57 byggt smiðahús úr bindingi klætt með borðum, og járnþak á langböndum. Hús þetta er á lengd 9 ál; breidd 9 al; og hæð 4 al. Undir öllu húsinu er kjallari. Gamall ofn er í húsi þessu. Í húsinu er loft og gólf, að öðru leyti er það óinnréttað.

Hver hlaupandi alin var virt á 90 kr . . . 810,00
1 gamall ofn . . . 33,00 — 843,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Grjótagata. Magnús trésmiður Ólafsson hefur fyrir
Nr. 204. vestan húseign sína í Grjótagötu Nr. 204, byggt hús
í bindingi ómúruðum, klætt með borðum, og járnþak
á öplægðri súð. Í húsi þessu er loft og gólf og kjallari
undir því öllu, og er í því 1 herbergi og eldahús hvorttveggja
málað og með einföldum loptum. Í eldahúsinu er 1 eldavél. Í öðrum enda hússins er 1 herbergi, sem brúkað
er fyrir smíðahús, sem einnig er þiljað en ómálað; í
því er lítil eldavjel.

Uppi á loptinu er allt óinnrjettað.

Hús þetta er á lengd 12 ál. breidd 9½ al. hæð 4½ al.

| | | |
|---|---|---|
| Hver hlaupandi alin var virt á 130 kr. | kr. | 1560. |
| 2 eldavjelar á 18 kr. | " | 36 |
| | | 1596. |

---

III. Austurstræti. Eyjólfur úrsmiður Þorkelsson hefur
Nr. 312. A endurbætt hús sitt Nr. 312 í Austurstræti, að
því leyti, að hann hefur látið klæða það með járni
á austurgafli og suðurhlið. Hús þetta er 11 ál. á lengd
11 ál. á breidd og 8½ al. á hæð. Niðri í húsinu eru 2 herbergi
auk eldhúss og búrs, með tvöföldum loptum, sumpart
með veggjapappír og sumpart máluð. Í þessum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

herbergjum er 1 Magazinofn og 1 stranofn. Í eldahús-inu er 1 eldavjel.

Uppi eru 3 herbergi þiljuð með borðum, máluð og með veggjapappír og tvöföldum loptum. Í tveimur af herbergjunum eru 2 Magazinofnar. Uppi á háloptinu er 1 lítið herbergi þiljað með borðum og málað. Þar er einnig 1 geimslukkliefi; að öðru leyti er þar óinnrjettað.

Hver hlaupandi alin var virt á 412 kr. . kr. 4.532.

3 Magazinofnar 56 kr. 50 kr. 30 kr. 1 stranofn 14 kr. 1 eldavjel 50 kr. 200 kr. 4.732

B. Við vesturgafl hússins er byggður skúr jafnbreiður húsinu, á lengd 1 3/4 al. hæð 4 al. úr bindingi, klæddur með borðum og járnþak á langböndum.

Hver hlaupandi alin var virt á 30 kr. . kr. 53,00

O. Finsen. M. Árnason. B. Guðmundsson

Rjettar eptirrit staðfestir

O. Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur
## úr
## virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. –

Ár 1887 hinn 26. nóvembermánaðar var samkvæmt beiðni niðangreindra manna teknar fyrir eptirfylgjandi virðingar. –

Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trésmiður Árnason. –

**I**. Austurvöllur. Skólakennari Steingrímur Thorsteinsson Nr. 43. hefur nú fullgjört hús sitt, svo að hann, síðan virðingu 4. september f. á., hefur innréttað norðurenda hússins bæði niðri og uppi; svo að nú eru niðri í húsinu 4 herbergi auk eldahúss, 3 af þeim með veggjapappír á blindlistum og 1 með veggjatjöldum á þiljum; öll eru þau með tvöföldum loptum og máluð; sama er að segja um eldhúsið. –

Í herbergjunum eru 4 Magazinofnar og í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eldahúsinu 1 eldavjel. –

Uppi á loptinu eru alls 5 herbergi, auk eldhúss, 4 þeirra eru sljettuð með kalki, og með kalk loptum, og er maskínu-pappír límdur á múrinn, og er hann málaður; og 1 herbergi með veggjatjöldum á þiljum, og tvöföldu borðalopti; í þessum herbergjum eru 4 Magazinofnar, og í eldahúsinu 1 eldavél. –

Uppi á há-loptinu er 1 herbergi þiljað með borðum og málað, og er þar lítill Magazinofn. –

Hver hlaupandi alin (19 3/4 al.) var virt á 485 a. kr. 9,578.

9 Magazinofnar 6/54 a. 2/60 a. 1/35 a. 2 eldavjelar 1/45 a. 1/34 a. 558

Kr. 10,136.

Sami hefur látið byggja skúr við vesturhlið hússins, lengd 5 ál., breidd 5 ál. og hæð 4 ál. úr bindingi klæddur með borðum og hálfþaki á þremur, að nokkru leiti þiljaður að innan; kjallari er undir honum. –

Hver hlaupandi alin var virt á 35 a. - . 175

Kr. 10,311.

**II. Lækjargata Nr. 162.** Þorsteinn smiður Tómasson hefur látið byggja geymsluhús við húseign sína Nr. 162 í Lækjargötu, sem er 8 ál. á lengd, 6 ál. á breidd og 4 ál. á hæð, úr bindingi klæddur utan með borðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og járnþaki á langböndum. —

Hver hlaupandi alin var virt á 65 a. . . . kr. 579.

<u>III. Þingholtsstræti</u>. Bókbindari Runólfur Run-
<u>Nr. 313.</u> ólfsson hefur nú endurbætt og fullgjört hús
sitt þannig, að nú eru niðri í því 2 herbergi þiljuð, og
máluð, með einföldum loptum, og eru í þeim 2 ofnar.
Einnig er niðri eldhús þiljað og málað og er þar 1 elda-
vjel. Uppi eru 3 herbergi þiljuð með borðum og máluð,
og í þeim eru 2 litlar eldavjelar. —
Hver hlaupandi alin (10 ál.) var virt á 140 a. kr. 1400.
2 ofnar 54 kr. 30 kr. 3 eldavjelar 40 a. 18 a. 12 a. . „ 154

Samtals kr. 1554. —

Thomsen. B. Guðmundsson. M. Árnason.

Rjett eptirrit staðfestir

O. Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanritaða viðaukagreinir samþykkjast Bæjarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 1887.

Halldór Daníelsson | H. Kr. Friðriksson | Jón Ólafsson

Eiríkur Briem | E. Th. Jónassen | Björn Jónsson

Páll Þorkelsson | Kr. Ó. Þorgrímsson

H. Steinsson | G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr virðingabók Reykjavíkur kaupstaðar. —

Ár 1887 hinn 21. desembermánaðar var samkvæmt beiðni niðangreindra manna teknar fyrir eptirfylgjandi virðingar. —

Unnu að þessum virðingum hinir reglulegu virðingamenn Björn múrari Guðmundsson og Magnús trjesmiður Árnason. —

Arnarholtslóð. Nr 2. Lögregluþjónn Pjetur Pjetursson hefur endurbætt hús sitt, svo nú eru niðri í því 4 herbergi, öll máluð, með einföldum loptum og með veggjatjöldum, í tveimur á blindlistum. Í herbergjunum eru 3 ofnar. Uppi á loptinu eru 2 herbergi þiljuð með borðum. —

Hver klaupandi alin (19 ál.) var virt á 85 kr. . kr. 1615.
3 ofnar 30 kr 45 kr. 20 kr. . . . . . 95 1710.

Við vesturhlið hússins hefur hann byggt skúr sem er áfastur við húsið, og sem er ~~áfastur við~~ 9 ál. á lengd 4 ál. á breidd, og hæð 3½ ál. úr bindingi klæddum ——

kr. 1710

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kr. = 1710.

með borðum, með járnþaki á langböndum, allur þiljaður að innan með borðum; í honum 2 eldahús og inngangur, og í eldhúsinu eldavjel. –

Hver hlaupandi alin var virt á 50 kr. k. 450.

1 eldavjel 57 kr. . . . . " 57 k 501

Kr. 2,211. –

II. Vegamótabrú. Þórður Þórðarson hefur rifið niður bæ

Nr 167. sinn og byggt hann upp aptur, veggina og norður gafl eins og þeir voru áður, úr grjóti, en suður gafl úr bindingi klæddum með járni, og járnþak á skarsúð. Lengd á bænum er 12 ál, breidd 8 ál og hæð upp í mæni 6 ál. Í bænum eru 2 herbergi þiljuð með borðum, ómáluð, og eldhús í norðurenda. Í öðru herberginu er 1 lítill ofn. –

Hver hlaupandi alin var virt á 60 kr. . . kr. 720.

1 ofn 24 kr. . . . . . – " 24. 744.

O. Finsen. M. Arnason. B. Guðmundsson

Rjett eptirrit staðfestir

O. Finsen

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur